

Bæjarstjóri

Selfossi, 27. ágúst 2009
0908005

Alþingi - Allsherjarnefnd
Elín Valdís Þorsteinsdóttir

150 REYKJAVÍK

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til sveitarstjórna, nr.5/1998, með síðari breytingum.

Á fundi bæjarráðs Árborgar hinn 20. ágúst s.l. var tekið fyrir erindi allsherjarnefndar Alþingis um ofangreint mál og samþykkt að fela bæjarstjóra að senda umsögn bæjarráðs um frumvarpið.

Umsögn bæjarráðs Árborgar


Bæjarráð Árborgar telur mikilvægt að efla lýðræðið í landinu og telur að persónukjör geti verið vel til þess fallið þar sem það heimilar kjósendum að raða frambjóðendum í forystusætin á þeim lista sem viðkomandi kys.

Bæjarráð leggur áherslu á að gæta þurfi að hugsanlegum áhrifum persónukjörs á kynjahlutföll kjörinna fulltrúa, breytingar sem hafa þann tilgang að auka lýðræði mega ekki verð til þess að auka ójafnræði milli kynja í sveitarstjórnnum og á Alþingi. Því væri eðlilegt að löggjafinn hvetti a.m.k. til þess að kjósendur og stjórn mála flokkar leggi áherslu á jafnt kynjahlutfall á listum, sérstaklega í efstu sætum.

Einnig telur bæjarráð að gera þurfi ráð fyrir því að fleiri en einn stjórn mála flokkur geti boðið fram sameiginlegan lista og þá er mikilvægt að unnt sé að gæta jafnræðis milli flokkanna þegar raðað er á listann.

Bæjarráð bendir á að líklegt sé að persónukjör skapi þær aðstæður að barátta sem nú fylgir prófkjörum standi yfir fram á kjördag og hafa sumir bent á að þannig flytjist prófkjörin yfir í kjörklefann.

Bæjarráð Árborgar telur mikilvægt að við frekari vinnslu frumvarpsins verði skoðaðir möguleikar þess að auðkenna nöfn þeirra frambjóðenda sem eru tilbúnir til þess að vera í forystu viðkomandi framboðslista því ekki er sjálfgefið að allir þeir frambjóðendur sem skipa efri hluta viðkomandi lista, séu reiðubúnir til að gegna hlutverki oddvita þó þeir vilji skipa sér í forystusveitina.

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Hergeirsdóttir
bæjarstjóri.

